



Fundargerð hreppsnefndar 13. desember 2012

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 13. des. 2012 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Mætt voru á fundinn Bárður Jónasson, Björn Hreinsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Konráðsdóttir, Fjóla Valsdóttir, Kristján Guðjónsson og Hafþór Róbertsson. Jafnframt var mættur, sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson, sem ritaðai fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 22. nóv. sl.
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 22. nóv. sl.
Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

2. mál. Fundargerð fræðslunefndar frá 5. des. sl.
Lögð fram fundargerð fræðalunefndar frá 5. des. sl. Varðandi 4. tl. fundargerðarinnar samþykkt hreppsnefnd að auglýsa erftir viðbótar kennara fyrir skólann í vor fyrir haustönn.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

3. mál. Fundargerð atvinnumálanefndar frá 23. nóv. sl.
og bréf trillukarla, þar sem óskað er eftir fundi með sveitarstjórn.
Lögð fram fundargerð atvinnumálanefndar frá 23. nóv. sl.
Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs undir 2. tl. fundargerðarinnar og greindi frá erfiðleikum við að koma af stað fiskvinnslu á Vopnafirði.

Ýmsir tóku til máls og lýstu sjónarmiðum sínum varðandi þessi mál og voru sammála um að beita sér að framgangi málsins.

Sveitarstjóra og oddvita falið að vinna að að þessum málum.

4. mál. Drög að samningum við Velferðarráðuneytið um rekstur Sundabúðar.
Lögð fram drög að samningum milli Vopnafjarðarhrepps og Velferðarráðuneytisins varðandi yfirtöku Vopnafjarðarhrepps á rekstri legudeildarinnar að Sundabúð.
Ennfremur lögð fram gögn sem sýna hvernig fjárveitingar til starfseminnar verða næstu árin miðað við fyrirliggjandi samningsdrög.
Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirliggjandi drögum og viðræðum sem fram hafa farið milli ráðuneytisins og Vopnafjarðarhrepps um þessi mál. Í máli hans kom fram að mikil vinna hefur verið lögð í þessa samningsgerð og í þeim drögum sem kynnt væru hér í dag hefði náðst fram ásættanleg niðurstaða.

Lagði hann til að sér yrði falið að rita undir samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins.

Fyrirhugað er að Velferðarráðherra komi til Vopnafjarðar á laugardaginn næsta, 15. desember til þess að undirrita samkomulagið.

Að umræðum loknum samþykkti hreppsnefnd samhljóða með 7 atkvæðum að fela sveitarstjóra að undirrita samkomulagið.

5. mál Þriggja ára fárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps fyrir árin 2014-2016, ásamt greinargerð sveitarstjóra.-Síðari umræða-

Fyrir fundinum lá þriggja ára áætlun Vopnafjarðarhrepps A- og B-hluta ásamt greinargerð sveitarstjóra með áætluninni. Áætlunin var tekin til fyrri umræðu á fundi hreppsnefndar 22. nóv. sl. og var þá vísað til síðari umræðu í hreppsnefnd.

Lögð var fram þriggja ára áætlun árána 2014-2016. Jafnframt lögð fram greinargerð sveitarstjóra með áætluninni, þar sem gerð er grein fyrir helstu forsendum áætlunarinnar og þeim markmiðssetningum, sem fram eru settar í henni.

Sveitarstjóri gerði síðan grein fyrir fyrirbyggjandi gögnum og í máli hans kom m.a. fram að:

“Áætlun þessi tekur mið af því að stigin hafa verið stór skref í niðurgreiðslu lána sveitarfélagsins. Í fjárhagsáætlun ársins 2013 er einnig gert ráð fyrir því að halda áfram á þeirri braut. Af þessum sökum verður rekstrarniðurstaða samstæðunnar betri en ella væri þar sem fjármagnskostnaður lækkar verulega. Þriggja ára áætlun sýnir að áfram skal halda á þessari braut. Hreint veltufé frá rekstri verður á bilinu 161,2 m.kr. til 171,0 m.kr. á tímabili áætlunarinnar, sem er 23,3 %-24,3 % af heildartekjum, sem verður að teljast ásættanlegt.

Öll árin 2013-2016 er gert ráð fyrir að hreint veltufé frá rekstri dugi vel fyrir öllum fjárfestingum og niðurgreiðslu þeirra lána sem greiða þarf niður. Á árinu 2013 verður þó ráðist í miklar fjárfestingar, sem brýnt er að vinna, enda margt setið á hakanum frá efnahagshruninu 2008. Það ár verður gengið á handbært fé til þess að brúa það fjármagn, sem vantar uppá að hteint veltufé dugi til. Ekki er áætlað að nein ný lán verði tekin á tímabilinu 2013- 2016. Miðað við lánamassa sveitarfélagsins eins og hann er í dag eru afborganir ársins 2013 50,8 m.kr. ársins 2014 50,7 m.kr. og ársins 2015 48,0 m.kr. og ársins 2016 41,4 m. kr.

Þrátt fyrir þetta er gert ráð fyrir að fjárfestingar á næsta ári verði um 22,1 % heildartekna og að um það bil 10 % heildartekna gangi til fjárfestinga á áætlunartímabili þriggja ára áætlunar 2014-2016. Svigrúm sveitarfélagsins til ýmisra aðgerða er þó töluvert mikið meira, þar sem handbært fé er verulega jákvætt allt tímabilið og er 301,9 m.kr. í árslok 2016. Af þessu sést að svigrúm sveitarfélagsins til frekari fjárfestinga eða fjárfrekra aðgerða er talsvert umfram það sem ráðgert er. Auk þess væri mögulegt að greiða lán hraðar niður en áætlunin sýnir. Með þessu móti er farin varfærin leið og miðað við að eiga borð fyrir báru komi upp óvænt útgjöld, sem ekki eru fyrir séð eða ef forsendur fjármála þjóðarskútunnar bresta eins og við erum brennimerkt af eftir fjármálakrísuna, sem við höfum upplifað frá árinu 2008.”

Að lokinni yfirferð sinni lagði sveitarstjóri til að fyrirbyggjandi þriggja ára áætlun sveitarfélagsins yrði samþykkt eins og hún liggur fyrir á fundinum hér í dag við síðari umræðu.

Nokkrar umræður urðu um fyrirbyggjandi áætlun og gögn og svaraði sveitarstjóri framkomnum fyrirspurnum.

Fyrirbyggjandi áætlun ásamt greinargerð var síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

6. mál. Tillögur að breytingum gjaldskráa Leikskóla, Skólamötuneytis, Tónlistarskóla, Bókasafns, Íþróttahúss og sorphirðu.

Lagðar voru fram tillögur um hækkun gjaldskráa hjá leikskóla, Skólamötuneyti, Tónlistarskóla, Bókasafni og Íþróttahúsi.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirbyggjandi tillögum að gjaldskrárbreytingum, sem allar eru til samræmis við áætlanir þar um í fjárhagsáætlun ársins 2013.

Hreppsnefnd samþykkti síðan samhljóða að umræddar gjaldskrárbreytingar taki gildi frá og með 1. janúar 2013.

Ennfremur lagt fram samkomulag milli HB Granda og Vopnafjarðarhrepps, þar sem ráð er fyrir því gert að HB Grandi greiði ákveðið gjald á mánuði til Íþróttahússins. Með þessu móti býður fyrirtækið öllu starfsfólki sínu ásamt íbúum sveitarfélagsins í frían aðgang í tækjasal Íþróttahússins. Tilraun þessi var fyrst gerð á síðasta ári og reyndist vel.

Hreppsnefnd fagnar þessu góða samvinnuverkefni og felur sveitarstjóra að undirrita samkomulagið.

Undir þessum lið var einnig lögð fram gildandi gjaldskrá sveitarfélagsins fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs.

Umræða fór fram um móttökugjöld samkvæmt gjaldskránni fyrir einstaka farma á söfnunarstöð(gámaplani).

Fram kom svofelld tillaga:” Hreppsnefnd samþykkir til reynslu að móttökugjöld vegna almennings og húsfélaga verði ekki innheimt vegna farma, sem eru undir 0,25 m³”

Nokkur umræða fór fram um þetta mál og var fyrirbyggjandi tillaga síðan samþykkt samhljóða.

7. mál. Drög að samþykktum um gatnagerðargjöld, byggingaleyfisgjöld og þjónustugjöld, áður tekið fyrir í hreppsnefnd 6. sept. sl.

Lögð fram drög að samþykktum um gatnagerðar-, byggingaleyfisgjald og þjónustugjöld.

Málið var áður til umfjöllunar í sveitarstjórn 6. sept. sl. Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirbyggjandi samþykktum og svaraði spurningum fundarmanna. Í máli hans kom fram að lesa þyrfti drögin yfir og lagfæra smávægileg atriði og nokkrar lagatiltæni.

Lagði hann síðan til að hreppsnefnd samþykkti fyrirbyggjandi drög og að sér yrði falið að ganga endanlega frá þeim og senda í auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Fyrirbyggjandi tillaga samþykkt samhljóða 7 atkvæðum.

8. mál. Drög að gjaldskrá Vatnsveitu Vopnafjarðarhepps, áður tekið fyrir 6. sept. sl.

Lögð fram drög að gjaldskrá Vatnsveitu Vopnafjarðarhepps. Áður hafði verið fjallað um hana á fundi hreppsnefndar 6. sept. sl. Sveitarstjóri fór yfir drögin og eftir að hafa svarað fyrirspurnum fundarmanna lagði hann til að hreppsnefnd samþykkti fyrirbyggjandi drög og að sér yrði falið að ganga frá endanlegri útgáfu og lagfæra smávægilegar tiltæni í lög.

Fyrirbyggjandi tillaga var síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

9. mál. Drög að gjaldskrá Fráveitu Vopnafjarðarhepps, áður tekið fyrir 6. sept. sl.

Lögð fram drög að gjaldskrá fyrir Fráveitu Vopnafjarðarhepps. Gerði sveitarstjóri grein fyrir drögum og dreifði nýrri tillögu, þar sem gerðar höfðu verið nokkrar breytingar sem snéru að því að sameina í eina gjaldskrá fyrir árlegt fráveitugjald og þjónustugjöldum fráveitunnar.

Að yfirferð sinni lokinni lagði sveitarstjóri til að fyrirbyggjandi drög að gjaldskrá yrði samþykkt og sér falið að ganga frá henni í endanlegan búning og senda í auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Fyrirbyggjandi tillaga var síðan samþykkt samhljóða atkvæðum.

10. mál. Drög að innkaupareglum fyrir Vopnafjarðarhepp. Áður tekið fyrir í hreppsnefnd 1. nóv. sl.

Lögð fram drög að innkaupareglum fyrir Vopnafjarðarhepp. Um málið hafði verið fjallað áður á fundi hreppsnefndar 1. nóv. sl.

Gerði sveitarstjóri síðan grein fyrir fyrirbyggjandi drögum að innkaupareglum. Í máli hans kom m.a. fram að lagfæra þyrfti nokkrar lagatiltæni.

Lagði hann síðan til að hreppsnefnd samþykkti fyrirbyggjandi drög að innkaupareglum.

Fyrirbyggjandi tillaga var síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

11. mál. Kaupvangur-Umræður- Kosning í sérstaka hússtjórn 3 aðalmenn og jafnmargir til vara.

Áður tekið fyrir 22. nóv. sl., þar var rætt um það hvert skyldi vera starfssvið nefndar af þessum toga og hvernig best væri að skipa í hana.

Oddviti gerði grein fyrir málinu. Fram fór nokkur umræða um málið. Að því loknu lagði oddviti til að endanlegri afgreiðslu málsins yrði frestað.

Var það samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

12. mál. Navitas bréf dags. 14. nóv., varðandi þjónustu við Drekasvæðið. Áður tekið fyrir 22. nóv. sl. – Kristinn Pétursson mætir á fundinn og gerir grein fyrir málinu.

Á fundinn var mættur Kristinn Pétursson og kynnti málið fyrir fundarmönnum og svaraði fyrirspurnum fundarmanna. Að yfirferð sinni lokinni vék Kristinn af fundi. Hreppsnefnd tekur jákvætt í hugmyndir þær sem kynntar voru um hugsanlega samvinnu. Samþykkt var að sveitarstjóri og oddviti vinni að frekari frangangi málsins í samvinnu Kristins og verkfræðistofunnar Eflu.

13. mál. Sundlaug í Selárdal. -Starfsleyfi- Tillögur til úrbóta. Greinargerð um ástand og endurbætur sundlaugarkerfa, ásamt kostnaðaráætlun. Jafnframt kostnaðaráætlun yfir nýja sundlaug í þéttbýli Vopnafjarðar.

Lögð fram greinargerð og kostnaðaráætlun unnin af verkfræðistofu Norðurlands, þar sem farið er yfir möguleika á því að lagfæra gæði baðvatns í Sundlaug Vopnafjarðar í Selárdal. Í greinargerðinni er fjallað um tvo möguleika í þessum efnum. Annars vegar verði komið upp lokuðu hreinsikerfi, sem uppfyllir allar kröfur og markmið. Hins vegar að notuð verði kolsýra í nægilegu magni til að stilla sýrustig jarðhitavatnsins, en þessi aðferð uppfyllir ekki að öllu leiti kröfur og markmið.

Ennfremur var lögð fram kostnaðaráætlun fyrir nýja sundlaug sem byggð yrði í þéttbýli Vopnafjarðar.

Gerð var grein fyrir fyrirbyggjandi gögnum, þar sem farið var yfir þessa möguleika. Hreppsnefndarmenn voru sammála því að vinna þyrfti að ásættanlegri lausn í þessum málum.

Að skoðuðu máli töldu fundarmenn kost númer eitt vera að lagfæra ástand Selárdalslaugar þ.a. að hún gæti uppfyllt þær kröfur sem upp eru settar í þeim efnum.

Fram kom svofelld tillaga: "Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra að setja í gang vinnu við lagfæringu á Sundlaug í Selárdal m.v. valkost A í greinargerð verkfræðistofu Norðurlands, sem er að setja upp lokað hreinsikerfi, sem uppfyllir allar kröfur og markmið. Á þessum grunni verði honum einnig falið að leita eftir starfsleyfi á meðan á framkvæmdinni stendur."

Fyrirliggjandi tillaga var síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

14. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Bréf Vegagerðarinnar frá 14. nóv. sl., varðandi framkvæmdaleyfi í efnisnámum og skráningu á skipulagi.

Vísað til afgreiðslu Skipulags- og bygginganefndar.

b) Karlakór Vopnafjarðar bréf dags. 5. des sl., varðandi styrkbeiðni. Einnig tekið fyrir bréf Kirkjukórsins varðandi styrk.

Samþykkt að veita hvorum kór fyrir sig 250 þús. kr. styrk á árinu 2013.

c) Bréf Deloitte frá 3. des. sl., varðandi kynningu á starfsemi fyrirtækisins fyrir sveitarfélög. Jafnframt dreift kynningarriti frá Delotte um starfsemi þeirra og mögulega þjónustu.

d) Bréf Umhverfisstofnunar frá 28. nóv. sl., varðandi úthlutun á hreindýrastyrk. Lagt fram til kynningar.

e) Fundargerð SSA frá 22. nóv. sl. Lögð fram til kynningar.

f) Bréf Skógræktarfélags Íslands dags 30. nóv. sl., varðandi ályktun félagsins um útbreiðslu á lúpínu.

Lagt fram til kynningar.

g) Fundargerð GáF ehf. frá 29. nóv. sl. ásamt afriti af bréfi Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins frá 30. nóv. sl. til Zhongkum Grímstaðir ehf.

Lagt fram til kynningar.

e) Fundargerð stjórnar Héraðsskjalasafns frá 30. nóv. sl.
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20.05